

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/372
komudagur 2.12.2002



Nefndasvið Alþingis,
Þórhamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Akureyri 25.11.2002

Samkvæmt bréfi dagsettu 4. nóvember 2002 er óskað eftir umsögn AFE á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri, 16. mál.

Í tillögunni koma fram ýmsar tillögur um stuðning við smá og meðalstór fyrirtæki sem þegar er fyrir hendi frá t.a.m. Iðntæknistofnun og fleiri opinberum stofnunum. Megin málið er e.t.v. að samræma þennan stuðning á einum stað þannig að starfandi fyrirtæki, og þeir sem vilja stofna ný fyrirtæki, þurfi ekki að leita upplýsinga svo víða sem þau þurfa að gera í dag.

Við getum tekið undir nokkur atriði sem í dag eru óljós og þurfa að vera skýrari. T.a.m. varðandi stöðu frumkvöðla og uppfinningamanna, kostnað við einkaleyfi, vöruvernd og framleiðsluleyfi.

Einnig varðandi stöðu fyrirtækja gagnvart eftirliti og leyfisveitingum.

Varðandi smá og meðalstór fyrirtæki þá er sú skilgreining sem tíðkast í Evrópu fjarri hugmyndum Íslendinga um smá og meðalstór fyrirtæki en þar teljast jafnvel fyrirtæki með 250 starfsmenn eða minna meðalstór fyrirtæki. Aðstæður hjá okkur kalla eflaust á sérstaka meðhöndlun á smá og meðalstór fyrirtæki en liggja þarf fyrir hvernig tillögumenn skilgreina smá og meðalstór fyrirtæki.

Í heild getum við tekið undir flest í umræddri þingályktun þótt ýmislegt þar sé þegar í ágætum farvegi en ítrekum að það megi einfalda hlutina með því að hafa slíka upplýsingagjöf og aðstoð á sem fæstum herðum.

Virðingarfyllst
f.h. AFE

Benedikt Guðmundsson
forstöðumaður
Þróunarsviðs AFE